

**Sp.**

**379. Tillaga til þingsályktunar**

[144. mál]

um minnismerki Jóns Arasonar í Skálholti.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að reist verði í Skálholti árið 1950 minnismerki um Jón biskup Arason, á fjögurra alda dánar-afmæli hans.

**Greinargerð.**

Jón Arason er eini maður á Íslandi, sem látið hefur líf sitt fyrir frelsi þjóðar sinnar í baráttu við erlent vald. Hafa Skagfirðingar safnað fé til að reisa við Hóladómkirkju minningarturn um þennan þjóðskörung, en nauðsynlegt erlent efni í þá byggingu virðist ekki fáanlegt að svo stóddu. Hins vegar hefur Einar Jónsson fyrir allmörgum árum gert mjög andrúka tákmynd um líf og hetjudauða Jóns Arasonar, en hún á hvergi heima nema á dánarstað hans. Færi vel á, að fjögurra alda afmælið yrði notað til að heiðra minningu þessa þjóðmæringis og byrja um leið á uppbyggingu Skálholtsstaðar eftir langa vanrækslu. Minnismerki Einars Jónssonar mundi að mestu leyti vera innlend vinna. Þar sem búið er að leggja fram úr ríkissjóði mörg hundruð þúsund kr. á síðustu árum til að koma aftur á fornum myndarbrag í Skálholti, ætti ekki að standa á þeim litlu fjármunum, sem með þarf í þessu skyni.